

Fundargerð

Aðalfundur Íslandsdeildar NJF

Haldinn 4. apríl 2018, kl. 13:00 hjá Lbhí á Keldnaholti í Reykjavík

Mættir: Guðmundur Jóhannesson RML, Guðni Þorvaldsson Lbhí, Guðrún Lárusdóttir Lbhí, Hrannar Smári Hilmarsson Lbhí, Járngerður Grétarsdóttir Lbhí, Ólafur Dýrmundsson, Sveinn Hallgrímsson, Tryggvi Eiríksson Lbhí og Anna Margrét Jónsdóttir RHS tók þátt í fundinum í gegnum Skype.

Guðmundur, formaður, setti fund kl. 13:00 og bauð fundarmenn velkomna til hans. Guðmundur fór yfir dagskrá fundarins sem var eftirfarandi:

1. Setning fundar og kosning starfsmanna
2. Skýrsla stjórnar
3. Reikningar félagsins
4. Yfirlit frá skorarfulltrúum
5. Kosningar
6. Önnur mál

1 Setning fundar og kosning starfsmanna

Guðmundur Jóhannesson var kosinn fundarstjóri og Guðrún Lárusdóttir var kosinn ritari og ritar fundargerð.

2. Skýrsla stjórnar

2.1. Starfssemi stjórnar

Eins og fram kom á síðasta aðalfundi eru höfuðstöðvar NJF nú í Uppsala í Svíþjóð en það hefur falið í sér ákveðið hagræði. Framkvæmdastjóri samtakanna, Anna Mårtensson, kom til starfa aftur eftir slys í apríl 2017 og eftir það hefur starfsemin heldur tekið við sér eftir að hafa legið í nokkrum dvala.

Snorri Sigurðsson, Ísland, til og með sept. 2017, Guðmundur Jóhannesson, frá og með okt. 2017

Stjórnin fundar að jafnaði tvisvar sinnum á ári, að vori og hausti. Næsti fundur stjórnar verður 23. og 24. apríl n.k. í Seinäjoki í Finnlandi.

Fjármál samtakanna eru svipuð og verið hefur, þ.e. fjármagn vantar til þess að reksturinn standi undir sér þó til séu fjármunir til nokkurra ára. Hins vegar standa vonir til að takist að rétta fjárhaginn af á þessu ári.

NJF fagnar 100 ára afmæli á þessu ári og verður aðalráðstefna samtakanna tileinkuð því. Hún verður haldin í Kaunas í Litháen 27.-29. júní n.k. undir yfirskriftinni „Agriculture for the next 100 years“ eða landbúnaður næstu 100 árin.

Innheimta félagsgjalda er nú með þeim hætti að NJF innheimtir sjálft félagsgjöld í aðildarlöndunum utan Íslands og Noregs. Þar sjá landsdeildirnar sjálfar um innheimtuna. Fjöldi félaga í NJF er eftirfarandi:

Á vegum NJF voru haldnar 8 ráðstefnur á árinu.

- 493 Integrated crop protection (IPM) in Nordic and Baltic berry crops
- 494 Nordic-Baltic Fusarium seminarium
- 495 ORGANICs for tomorrow's food systems
- 496 Animal welfare and longevity
- 497 Nordic Conference on Reindeer Husbandry
- 498 Fur Animals
- 499 Legumes from field to fork – a Nordic-Baltic perspective on production, development and marketing of legumes
- 500 Nordic workshop on competitive and sustainable animal production

2.2. Vísindanefnd

Formenn skorastjórnanna og forseti samtakanna mynda nefndina. Einn fundur var á árinu, október í Kaupmannahöfn. Snorri sat þann fund.

Vísindanefnd er skipuð formönnum skorarstjórna ásamt forseta samtakanna sem er formaður hennar. Vísindanefnd fundaði einu sinni á árinu þann 4. október í Kaupmannahöfn. Snorri Sigurðsson sat þann fund. Í vísindanefnd eru: Fredrik Fogelberg, formaður, Birgitta Åhman, Svíþjóð (hreindýraskor), Helena Aronsson, Svíþjóð (umhverfisskor), Jarkko Niemi, Finnland (hagfræðiskor), Kirsty McKinnon, Noregur (plöntuskor), Liga Paura, Lettland (búfjárskor), Guðmundur Jóhannesson, Ísland (tækniskor, tímabundið í stað Snorra) og Anna Mårtensson.

2.3. Íslandsdeild NJF

Stjórn Íslandsdeildar var þannig skipuð á árinu 2017:

- Snorri Sigurðsson, formaður til og með sept. 2017, tækniskor
- Guðmundur Jóhannesson, gjaldkeri og formaður frá og með okt. 2017, búfjárskor
- Guðrún Lárusdóttir, ritari, hagfræðiskor
- Anna Margrét Jónsdóttir, meðstjórnandi, plöntuskor
- Járngerður Grétarsdóttir, meðstjórnandi, umhverfisskor
- Sveinn Hallgrímsson, meðstjórnandi
- Ragnar Finnur Sigurðsson, varamaður í stað Snorra frá okt. 2017

Varamenn:

- Ásdís Helga Bjarnadóttir (hefur sagt sig úr NJF)
- Ragnar Finnur Sigurðsson, til og með sept. 2017

Enginn formlegur fundur var haldinn á árinu nema aðalfundur þann 23. mars 2017. Hins vegar voru töluverð samskipti með tölvupóstum þar sem mál voru rædd og ákvarðanir teknar.



Í samræmi við samþykkt síðasta aðalfundar var útskrifuðum nemendum frá LbhÍ boðin frí aðild fyrsta árið. Með þeim hætti gengu 9 í samtökin á síðasta ári.

Þá var samþykkt á síðasta aðalfundi að hækka ferðastyrk á viðburði NJF í 150 þús. kr. Einn félagi fékk styrk á síðasta til þátttöku í loðdýraráðstefnu í Osló 18.-20. október.

Að venju var sótt um styrki til starfseminnar hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Bændasamtökum Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Því miður sú aðeins Bændasamtökin sér fært að veita okkur styrk og fá þau hinar bestu þakkir fyrir.

2.4. Ársreikningur

Guðmundur fór yfir ársreikning NJF á Íslandi fyrir árið 2017. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins rúmlega 136.312 kr á árinu 2017. Eigið fé í lárslok 2017 nam 5.571.795 kr samkvæmt efnahagsreikningi.

Rekstrartekjur skiptast þannig að félagsgjöld voru 239.700kr, framlög og styrkir voru 100.000kr og aðrar tekjur voru 36.000 kr.

Var ársreikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum og enginn á móti.

4. Yfirlit frá skorarfulltrúum:

4.1. Umhverfisskor (Járngerður Grétarsdóttir)

Í skorarstjórn sitja (03.04.2018): Helena Aronsson (formaður, Svíþjóð), Asko Simojoki (varaformaður, Finland). Christen Duus-Borgesen (Denmark), Danute Karcauskiene (kemur inn í stað Virginijus Feiza (Lithuania), Járngerður Grétarsdóttir (Iceland), Toomas Tamm (Estonia), Viesturs Jansons (Latvia), Virginijus Feiza (hættir bráðum, Lithuania), Susanne Eich-Greatorex (Norge).

Starfsemi skorarinnar var í lágmarki á árinu og eingöngu tölvupóstsamskipti í gangi. Hætt var við vinnufund og málstofu sem höfðu verið í bígerð, annars vegar í Danmörku og hins vegar í Eistlandi. Það varð ekki úr skipulagningu á vinnufundi (workshop) í Danmörku í ágúst 2017 vegna tímaskorts þeirra sem voru að spá í þetta og í Eistlandi í okt. 2017 var plan um að hafa málstofu (seminar) í tengslum við aðra ráðstefnu en hætt við hana vegna þess að í ljós kom að á ráðstefnunni var eingöngu um að ræða boðna þátttakendur (invited participants) og því ekki hægt að hafa opin NJF-fund.

Skorinn hélt ekki fund á árinu en tölvupóstsamskipti fjölluðu helst um vangaveltur og upplýsingar um fyrrgreinda viðburði. Þá var komið á framfæri við skorina hugmynd um lífkol (biochar, viðarkol notuð sem jarðvegsbætir og binda kolefni í leiðinni) sem áhugaverða hugmynd til að fjalla um á ráðstefnu eða verkefni fyrir skorina.

Formaður lagði til að næsti skorarfundur yrði haldin í tengslum við 100 ára afmælisráðstefnu NJF í Litháen eða að halda skype-fund í vor.

4.2. Plöntuskor (Anna Margrét Jónsdóttir)

Stjórn skorar er samsett eins og hér segir:

Kirsty McKinnon, formaður

Norwegian Centre for Organic Agriculture
(NORSØK)
N-6630 Tingvoll, Norway
Phone: (+47) 404 80 522
Switchboard: (+47) 452 30 200
www.norsok.no
E-mail: kirsty.mckinnon@norsok.no

Anita Gunnarsson, ritari

Rural Economy and Agriculture Society, Scania
Box 9084, 29109 Kristianstad, Sweden
Skype: anita.gunnarssonHS
Phone: +46 10 467 2090
E-mail:
anita.gunnarsson@hushallningssallskapet.se

Biruta Bankina

Institute of Soil and Plant Science, Latvia
University of Agriculture,
Liela Street 2, Jelgava, Latvia, LV 3001
Phone: +37163021985
Skype: biruta.bankina.1
E-mail: biruta.Bankina@llu.lv

Matti Koppel

Estonian Crop Research Institute
J.Aamisepa 1, Jõgeva alevik 48309, Estonia
Skype: mattikoppel
Phone: +372 7766 903, Mobile: +3727766903
Fax: +372 7766 902
E-mail: mati.koppel@jpbi.ee

Sigitas Lazauskas

Institute of Agriculture, Lithuanian Research
Centre for Agriculture and Forestry, Plant
Nutrition and Agroecology Department,
Instituto al.1, Akademija, LT-58344 Kėdainiai
distr., Lithuania
Skype: sigitas738
Phone: +370 698 80905, Mobile:
+37069880905
Fax: +370 347 37096
E-mail: sigislaz@lzi.lt

Marjo Keskitalo

Natural Resources Institute Finland (Luke)
31600 Jokioinen, Tietotie, Finland
Skype: Marjo.keskitalo_3
Mobile: +358295326237
marjo.keskitalo@luke.fi

Anna Margrét Jónsdóttir

The Icelandic Agricultural Advisory Centre
Húnabraut 13, 540 Blönduós, Iceland
Skype: annamagga2809
Phone: +354 5165007, Mobile: +354 8486774
amj@bondi.is

Lise Christina Deleuran

Aarhus University, Department of Agroecology
- Crop Health
Forsøgsvej 1, DK-4200 Slagelse, Denmark
lise.deleuran@agro.au.dk
Skype: lise.deleuran1
Phone: +45 87158278, Mobile: +45 28719054

Vinnuhópar á vegum skorarinnar:

- Organic farming systems
- Herbage seed production
- Agricultural applications of NIRS and NIT
- Fusarium and mycotoxins in cereals
- Weeds in arable land
- Plant protection in sustainable berry production
- Nematology working group
- IPM –North working Group
- Plant nutrition
- Local food production
- Agricultural applications of NIRS and NIT

Starfsemi á árinu 2017

Haldnar voru tvær ráðstefnur:

- Integrated crop protection (IPM) in Nordic and Baltic berry crops í Riga, Lettlandi 30.-31. janúar 2017.
- Organics for tomorrow's food systems 19.-21. júní 2017 í Mikkeli, Finnlandi.

4.3. Hagfræðiskor (Guðrún Lárusdóttir).

Stjórnin samanstendur af e.f. aðilum: Niemi Jarkko (Finnland, formaður), Baiba Rivza (Lettland, varaformaður), Sjur Spildo Prestegard (Noregur), Linas Stabingis (Litháen), Rando Värnik (Eistland), Guðrún Lárusdóttir (Ísland), Karin Hakelius (Svíþjóð) og Stine Hjarnø Jørgensen (Danmörk).

Engir staðarfundir, skypefundur, símafundir eða tölvupóstsamskipti hafa verið. Stefnit er þó að því að halda skype fund í apríl 2018.

4.4. Búffjárskor (Guðmundur Jóhannesson)

Mjög lítil starfssemi og í raun nánast engin starfssemi hefur verið í gangi á árinu 2017.

Ein ráðstefna haldin árið 2017.

4.5. Tækniskor (Snorri Sigurðsson)

Hafa haldið ráðstefnu á tveggja ára fresti sem hefur verið í tengslum við Agromek ráðstefnuna. Skorin er þó formannslaus núna eftir að Snorri fór til annarra starfa.

4.6. Hreindýraskor

Íslendingar eru ekki með fulltrúa þar inni.

5. Kosningar.

Kjósa þarf inn nýja aðila í stjórn. Kosið er til tveggja ára í senn.

Anna Margrét, Járngerður og Guðrún hafa allar setið í tvö ár og gefa Anna Margrét og Járngerður ekki kost á sér áfram. Þá hefur Snorri sagt sig frá störfum enda kominn í nýtt starf í annarri heimsálfu.

Tillaga frá Guðmundi að nýjum aðilum og breytingum í stjórn:

- Hagfræðiskor: Sigríður Ólafsdóttir RML
- Plöntuskor: Hrannar Smári Hilmarsson Lbhí
- Umhverfisskor: Guðrún Lárusdóttir Lbhí
- Tækniskor: Sigtryggur Veigar Herbertsson RML

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



Tillaga frá Guðmundi fyrir aðila í varastjórn:

Ragnar Finnur Sigurðsson og Egil Gunnarsson

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Guðmundur gerir tillögu um sömu skoðunarmenn yrðu áfram:

Runólfur Sigursveinsson og Jóna Þórunn Ragnarsdóttir

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Ný stjórn á frá og með aðalfundi í apríl 2018 er þá sem hér segir:

Guðmundur Jóhannesson, formaður og gjaldkeri

Guðrún Lárusdóttir, ritari

Hrannar Smári Hilmarsson

Sigríður Ólafsdóttir

Sigtryggur Veigar Herbergsson

Sveinn Hallgrímsson

Ragnar Finnur Sigurðsson, varamaður

Egil Gunnarsson, varamaður

6. Önnur mál.

Guðmundur leggur til að eitthvað verði gert í tilefni þess að NJF er 100 ára á árinu. Hugmynd er að setja saman stutta námsstefnu/fræðslufund haust 2018. Markhópurinn væri vitanlega félagsmenn, aðrir í faginu og nemendur Lbhí. Hugsanlega væri hægt að nýta húsnæði Lbhí á Hvanneyri eða Keldnaholti. Guðmundur mun halda utan um þetta verkefni.

Ekki fleira rætt.

Fundi slitið kl. 14:00

Fundarritari Guðrún Lárusdóttir